

Skeiða – og Gnúpverjahreppur



Tillaga að fjárhagsáætlun 2020-2023

Lögð fram til lokaumræðu

11.12.2019

Skeiða – og Gnúpverjahreppur Fjárhagsáætlun 2020

Helstu forsendur áætlunarinnar :

Aðalsjóður- skatttekjur :

Reiknað er með útsvarstekjur nemi 280.239 þkr, árið 2020 það er nokkur lækkun frá áætlun ársins 2019 mkr. Forsendur eru byggðar á áætlun frá sambandi íslenskra sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir eftirágreiðslu vegna ársins 2019, 26.974 þkr. Lækkun vegna afsláttar til eldri borgara og öryrkja er áætluð 1.300 þkr.

Áætlun um fasteignaskatt er byggð á bráðabirgðaálagningu á fasteignamati sem gildir fyrir árið 2020. Hún er keyrð í forriti frá FMR. Áætlað er að hann nemi um 261,2 mkr.

Framlög úr Jöfnunarsjóði eru áætluð samkvæmt upplýsingum frá sjóðnum 90,2 mkr. Þar er veruleg hækkun eða um 45,7 mkr frá áætlun 2019.

Aðalaskjóður- rekstur málaflokka :

Rekstur einstakar málaflokka hefur verið yfirarinn með því að taka út stöðu einstakra málaflokka í lok september 2019 og borið saman við stöðu á sama árstíma á árinu 2018. Leitast er við að námunda líkleg útgjöld til ársloka 2019. Einstakir liðir í fjárhagsáætlun hafa tekið mið af því. Samráð var haft við stjórnendur einstakra rekstrareininga. Reiknað er með að verðlagsbreytingar verði 2,5 %. Í námunda við spár Sambands íslenskra sveitarfélaga en þar er áætlað að almenn hækkun verði 2,5 %. Ef til þess kemur að spá Samabandsins muni sýna hærri tölu áður en fjárhagsáætlun veður afgreidd, verður gerð breyting á milli umræðna samkvæmt því. Í allmörgum tilvikum er ástæða til að hækkun verði með öðrum hætti en spá sambandsins gerir ráð fyrir. Upplýsingar um áætluð framlög sveitarfélagsins berast frá samlögum sem það er aðili að. Nokkrar stærðir vantar enn og er því gerður fyrirvaró um breytingar til síðari umræðu.

Þær þjónustutekjur sem lagðar eru á með fasteignagjöldum eru áætlæðar með hliðsjón af fasteignamati og gjaldskrá.

Aðalsjóður – fjármunatekjur og fjármagnsgjöld :

Gert er ráð fyrir vaxtatekjum af innistæðum og að sama skapi er gert ráð fyrir vaxtagjöldum og verðbólgtum af langtímalánum. Áætlað er að verðbólga verði 2,5 % á árinu 2020. Meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda færast vaxtatekjur af langtímakröfum aðalsjóðs á

eignasjóð og þjónustustöð og B-hlutastofnanair og færast það sem vaxtagjöld hjá viðkomandi stofnunum.

Önnur atriði :

Gengið er út frá því að afborganir af lána sem sveitarfélagið er greiðandi að verði í samræmi við skilmála þeirra.

Eignasjóður – rekstur :

Þar færast til tekna leigutekjur frá aðalsjóði. Útreikningur er byggður á leigu sem áætluð er fyrir árið 2020 og er hún hækkuð um 2,4 %. Haft var þar samráð við KPMG. Bein rekstrargjöld svo sem viðhald, fasteignagjöld og tryggingar færast beint til gjalda.

Eignasjóður – fjármunatekjur og fjármagnsgjöld :

Meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda færast vaxtagjöld af langtímaskuldum við aðalsjóð og vegna annarra langtímalána.

Eignasjóður : Fjárfestingar og lántökur :

Gert er ráð fyrir fjárfestingu í eignasjóði að fjárhæð 81 mkr. Breytingar á Leikskóla/félagsheimili í Brautarholti 12 mkr, Gatnagerð 20 mkr, önnur vegagerð 10 mkr, 1 mkr til fjallaskála og 38 mkr til kaupa á íbúðum

Fjárfesting			
Fjárfesting		Framlög og styrkir	
2020			
fjárhæðir í þkr		Fjárfesting	
Eignasjóður / Skeiðalaug.....			0
Eignasjóður/ Brautarholt.....		12.000	12.000
Eignasjóður / Vegakerfi Brautarholt -Árnes.....		20.000	20.000
Aðrir vegir.....		10.000	10.000
Eignasjóður / Fjallaskálar.....		1.000	1.000
A hluti.....		43.000	0 43.000
Fráveita.....			0
Leiguíbúðir.....		38.000	38.000
A- og B-hluti.....		81.000	0 81.000

Gert er ráð fyrir 4 mkr lántökum í áætluninni.

Þjónustustöð- Áhaldahús

Við áætlun þjónustumiðstöðvarinnar er miðað við að kostnaði stofnunarinnar sé deilt út á aðra málaflokka og stofnanir, þar sem starfsmaður þjónustumiðstöðvar vinna að þjónustu við þær.

B-hluta stofnanir :

Félagslegar íbúðir :

Gert er ráð fyrir hagnaði á rekstri að fjárhæð 2,1 mkr að teknu tillit til framlags frá Aðalsjóði að fjárhæð 1,6 mkr. Sjóðstreymi sýnir að 1,0 mkr vanti til að rekstur standi undir sér. Umsadar afborganir nema 0,8 mkr. Styrkur er veittur úr aðalsjóði til að deildin standi undir skuldbindingum sínum.

Fráveita :

Gert er ráð fyrir taprekstri að fjárhæð 9,5 mkr. Tekjur nema um 6.7 mkr. Aðalsjóður veitir framlag 1,5 mkr til stuðnings rekstrinum. Afskriftir nema 4,8 mkr Að teknu tilliti til þess vantar 3,2 mkr til rekstrarins. Umsamdar afborganir langtímalána nema um 1,2 mkr. Byggt var upp fráveitukerfi í Brautarholtshverfi 2016-2017. Rekstur deildarinnar verður tekinn til endurskoðunar.

Hitaveita :

Áætlað er að hitaveita skili hagnaði um 470 þkr. Það gengur til hækkunar handbærs fjár.

Leiguíbúðir :

Gert er ráð fyrir að afgangur af rekstri leiguíbúða um 1,3 mkr. Eins og áætlun um sjóðstreymi gefur til kynna. Seld var íbúð á árinu 2018. Tillaga er um að fjárfesta í nýrri leiguíbúð á árinu 2019.

Fjarskiptafélag Skeiða – og Gnúpverjahrepps :

Félagið starfar undir sér kennitölu. Það hefur verið starfrækt síðan 2012. Gert er ráð fyrir tekjum í félaginu að fjárhæð 7,6 mkr á árinu 2020. Ca 1,8 mkr eru áætlaðar í rekstrarkostað og ófyrirséð. Fjármagnsgjöld nema um 4.0 mkr. Langtímalán eru á félaginu 42,2 mkr. Að teknu tilliti til fyrninga 4,2 mkr er áætlað bókhaldslegt tap 2,5 mkr.

Vatnsveita :

Gert er ráð fyrir að hagnaður nemi um 3,9 mkr. Umsamdar afborganir langtímalána nema um 1,8 mkr.

Helstu niðurstöður :

Samkvæmt niðurstöðum rekstrarreiknings er gert ráð fyrir að tekjuafgangur á samstæðu rekstrarins árið 2020 verði 29,7 mkr.

Samkvæmt sjóðstreymisáætlun mun veltufé frá rekstri nema 72,6 mkr. Sem ganga til afborgana lána og til ráðstöfunar í fjárfestingar. Afskriftir nema 30,6 mkr. Samkvæmt samningum um endurgreiðslu lána er afborgun ársins 2020 áætluð um 11,3 mkr. Áætlað er að handbært fé nemi um 23,6 mkr í árslok 2020. Áætlað er að veltufé frá rekstri nemi 9,5%

Veltufjárhlutfall er áætlað 1,14 og eiginfjárhlutfall 75 %

Fjárhagsáætlun áráanna 2021- 2023

Skatttekjur, framlög úr jöfnunarsjóði og aðrar tekjur eru áætlaðar þær sömu og 2020. Verði útsvarsprósenta sú sama og verið hefur er áætlað að rekstrarniðurstaða verði jákvæð um 34,4 mkr 2021, 36,6 mkr 2022 og 39,7 mkr 2023. Áætlað er að virði eigna muni aukast og muni nema 1,2 mkr í lok árs 2023. Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði 72,8 mkr 2021, 74,6 mkr 2022 og 77,0 mkr árið 2023. Veltufjárhlutfall 2023 er áætlað 3,32 og eiginfjárhlutfall 0,79 %.

Helstu tölur í áætlun áráanna 2021-2023 eru eftirfarandi í þkr :

þkr	2021	2022	2023
Tekjur	760.710	760.710	760.710
Gjöld	-718.515	-718.515	-717.917
Fjármagnsliðir	- 7.438	-5.631	-3.121
Rekstrarafgangur	34.757	36.564	39.673
Eigið fé	889.293	925.857	965.529